

RE: Gámar í Þormóðsdal - Landeignarnúmer L123813

**Til** : Árni Jón Sigfússon  
**Frá** : Theodóra Ragnarsdóttir <theodora@lbhi.is>  
**CC** : Þóra M. Hjaltsted; Jóhanna Björg Hansen; Kristinn Pálsson; Ragnheiður I Þórarinsdóttir <ragrheidur@lbhi.is>  
**Heiti** : RE: Gámar í Þormóðsdal - Landeignarnúmer L123813  
**Málsnúmer** : 202108139  
**Málsaðili** : Iceland Resources ehf.  
**Skráð dags** : 30.08.2021 16:05:24  
**Höfundur** : Theodóra Ragnarsdóttir <theodora@lbhi.is>

**Viðhengi** [image007.jpg](#)[image007.jpg](#)  
[image006.jpg](#)[image006.jpg](#)  
[image005.jpg](#)[image005.jpg](#)  
[image004.png](#)[image004.png](#)

Sæll Árni

Við vitum ekki á hvers vegum þessir gámar eru og höfum ekki fengið neinar beiðnir um heimild fyrir þeim.

Bestu kveðjur  
Theodóra



**Theodóra Ragnarsdóttir**

Rekstrarstjóri / *Financial Manager*

+354 860 7300

[theodora@lbhi.is](mailto:theodora@lbhi.is)

Landbúnaðarháskóli Íslands / *Agricultural University of Iceland*

Hvanneyri, 311 Borgarnesi

[www.lbhi.is](http://www.lbhi.is) / (+354) 433 5000

---

**From:** Árni Jón Sigfússon [mailto:arnijon@mos.is]  
**Sent:** mánudagur, 30. ágúst 2021 14:35  
**To:** Theodóra Ragnarsdóttir  
**Cc:** Þóra M. Hjaltsted ; Jóhanna Björg Hansen ; Kristinn Pálsson  
**Subject:** Gámar í Þormóðsdal - Landeignarnúmer L123813

Sæl Theodóra,

eins og fram kom í símtali okkar fyrr í dag [óskar embætti byggingarfulltúa Mosfellsbæjar eftir upplýsingum um gáma sem komið hefur verið fyrir í Þormóðsdal, landeignarnúmer L123813.](#)

á svæði sem merkt er með rauðum hring á loftmynd hér að neðan. Gott væri að fá upplýsingar um á hvers vegum gámarnir eru og hvort þeim hefur verið komið fyrir með vitund og samþykki landeiganda og í hvaða tilgangi.

Bent skal á grein 2.6.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sem fjallar um stöðuleyfi. Þar er m.a. kveðið á um að sækja þurfi um stöðuleyfi ef gámar standa lengur en tvo mánuði utan þeirra

svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjármuna.





### 2.6.1. gr.

#### *Umsókn um stöðuleyfi.*

Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda til að láta eftirfarandi lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna:

a. Hjólhýsi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.

b. Gáma, báta, torgsöluhús, fristundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld.

Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar og skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausafjarmunirnir standi á. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis. Með umsókn skulu fylgja uppdrættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjarmunanna.

Lausafjarmuni skal staðsetja þannig að almenningi stafi ekki hætta af og ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hætta vegna lausafjarmuna og er leyfisveitanda heimilt að krefja eiganda um gögn og rökstuðning þar að lútandi.

Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjarmuni sem falla undir þessa grein uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði laga um fráveitur og laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.

Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

*Með kveðju,*

**Árni Jón Sigfússon**

Byggingarfulltrúi

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

Sími 525 6700

[www.mos.is](http://www.mos.is)

-----  
Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni - Umhyggja

[Skráning á póstlista fréttu](#)

[Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum.](#)